



STEFNUMÓTUN

í atvinnu- og ferðamálum
1999 – 2003



Mosfellsbær

Stefnumótun í atvinnu- og ferðamálum Mosfellsbæjar

1999

Útgefandi:

Mosfellsbær

Ábyrgðarmaður:

Björgvin Njáll Ingólfsson

Hönnun forsiðu:

Rit og rækt

Prentun:

Steindórsprent Gutenberg

Prentað á endurinnin vistvænan pappír

Stefnumótun í atvinnu- og ferðamálum er unnin að
tíðhlutan Atvinnu- og ferðamálanefndar.

Efnisyfirlit

Ávarp bæjarstjóra	5
Markmið verkefnisins	7
1. Framtíðarsýn fyrir Mosfellsbæ til ársins 2003	9
2. Helstu niðurstöður	10
2.1 Forgangsverkefni í atvinnu- og ferðamálum	12
3. Af hverju stefnumótun?	14
3.1 Aðdragandi verkefnisins	14
3.2 Aðferðir við stefnumótun	15
4. Þátttakendur og framkvæmd	17
5. Stöðugreining	19
5.1 Ferðamál – stöðugreining	19
5.2 Atvinnumál – stöðugreining	20
6. Atvinnumál	22
6.1 Almennt um atvinnumál	22
6.2 Helstu tillögur í atvinnumálum	24
6.3 Stefna og tillögur um fyrstu aðgerðir mismunandi vinnuhópa í atvinnumálum	25
6.3.1. Hópur 1 – Verslun og þjónusta – atvinnumál	25
6.3.2. Hópur 2 – List- og smíðnaður - atvinnumál	26
6.3.3 Hópur 3 – Stærri iðnaðar- og þjónustu- fyrirtæki, þ.m.t. opinberar stofnanir - atvinnumál	27
7. Ferðamál	29
7.1 Almennt um ferðamál	29
7.2 Önnur uppbyggingarmál í ferðamálum	31
7.3 Helstu tillögur í ferðamálum	32
7.4 Stefna og tillögur um fyrstu aðgerðir mismunandi vinnuhópa í ferðamálum	34

7.4.1 Hópur 1 – Verslun, þjónusta og gisting – ferðamál	34
7.4.2 Hópur 2 – Saga, menning og listir – ferðamál	35
7.4.3 Hópur 3 – Íþróttir og afþreying – ferðamál	36
7.4.4 Hópur 4 – Útivist og náttúra – ferðamál ..	38
7.4.5 Hópur 5 – Fyrirtæki, stofnanir og samgöngur – ferðamál	39
8. Framkvæmdaáætlun fyrstu aðgerða	40
9. Endurskoðun og eftirfylgni	42
10. Lokaorð	43
Viðaukar:	45
Þátttakendur í vinnuhópum um atvinnumál	45
Þátttakendur í vinnuhópum um ferðamál	45
Listi yfir stofnanir Mosfellsbæjar og forstöðumenn þeirra í maí 1999	47

Ávarp bæjarstjóra

Hér liggur fyrir stefnumótun Mosfellsbæjar í atvinnu- og ferðamálum sem er afrakstur samstarfs bæjaryfirvalda og íbúa bæjarins, auk fjölmargra hagsmunaaðila. Felur hún í sér stefnumörkun og markmiðssetningu bæjarfélagsins í þessum málaflokki og aðgerðaáætlun um það hvernig koma eigi henni í framkvæmd.

Það er metnaður hvers sveitarfélags að hafa innan sinna marka öflug og blómleg atvinnufyrirtæki sem skapa íbúum þess trygga atvinnu og stuðla að velferð og uppgangi þess. Mosfellsbær er engin undantekning í því sambandi. Á umliðnum árum hefur atvinnustarfsemin í bæjarfélaginu einkennst af fáum og stórum fyrirtækjum sem skapað hafa flestum bæjarbúum atvinnu. Á tímabili er talið að fleiri hafi fleiri sótt vinnu til Mosfellsbæjar en fóru hëðan til vinnu annars staðar.

Bæjarfélagið nýtur nálægðar við höfuðborgarsvæðið hvað varðar atvinnu fyrir bæjarbúa og því er atvinnuleysi ekki mikið. Það er nú með því lægsta sem gerist á höfuðborgarsvæðinu. Það sem fram kemur í könnun Aflvaka Reykjavíkur er að óvenjuhátt hlutfall bæjarbúa sækir vinnu í Mosfellsbæ sem hlutfall heildarfjölda starfa í bæjarfélaginu eða 75%, en það er hærri en hjá flestum öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Það gefur tilefni til að ætla að bæjarbúar sækist sérstaklega eftir því að fá störf við sitt hæfi í bæjarfélaginu. Á þeim grunni var lagt af stað í þá vinnu sem hér liggur fyrir, „Stefnumótun í atvinnu- og ferðamálum Mosfellsbæjar“.

Þeirri stefnumörkun sem hér liggur fyrir er ætlað að efla þau fyrirtæki sem þegar eru fyrir í bæjarfélaginu, auka samstarf þeirra og samhæfa krafta. Einnig er henni ætlað að byggja grunn fyrir ný fyrirtæki sem áhuga hafa á að setjast að í bæjarfélaginu. Stefnu-

mörkunin gerir ráð fyrir að bæjaryfirvöld styðji við og skapi umgjörð með ráðningu atvinnu- og ferðamálafulltrúa og þátttöku Atvinnuþróunarsjóðs Mosfellsbæjar í stefnumörkuninni.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim fjölmörgu sem tóku þátt í vinnslu þessa stefnumótunarverkefnis sem mun verða okkur leiðarljós inn í nýja öld.

*Jóhann Sigurjónsson
bæjarstjóri*

Markmið verkefnisins

Markmið þessa stefnumótunarverkefnis er að móta stefnu Mosfellsbæjar til ársins 2003 í atvinnu- og ferðamálum. Tilgangur verkefnisins er að leita leiða til að sameina krafta þeirra sem koma að atvinnu- og ferðamálum, hvort sem er á vegum bæjarins eða einkaaðila. Reynt hefur verið að meta núverandi stöðu og framtíðarmöguleika Mosfellsbæjar í málaflokkunum og í framhaldi af því að setja fram stefnu bæjarins til næstu fimm ára. Með stefnumótun á eftirfarandi að vinnast:

- Aukin samvinna
- Sköpun atvinnutækifæra
- Auknar gjaldeyristekjur
- Markvissari kynning
- Þróun nýrra markaða og markhópa
- Viðhald menningararfleiddar
- Framþróun svæðisins

Hlutverk stefnumótunarvinnunnar er að skapa framtíðarsýn fyrir Mosfellsbæ í atvinnu- og ferðamálum. Tilgangur hennar er að greina ný tækifæri, en ekki hvað síst að hlúa að þeirri starfsemi sem nú þegar er til staðar í bæjarfélaginu.

Heimasíða Mosfellsbæjar er <http://www.mosfellsbaer.is> og er þar að finna helstu upplýsingar um bæjarfélagið og þjónustu þess, auk þessarar stefnumótunarskýrslu.

1. Framtíðarsýn fyrir Mosfellsbæ til ársins 2003

„Mosfellsbær – heit sveit með sögu“

Framtíðarsýn Mosfellsbæjar í atvinnumálum er:

- Árið 2003 verði Mosfellsbær miðstöð endurhæfingar og heilsueflingar á Íslandi með fjölbreytilegum fyrirtækjum á því sviði.
- Mosfellsbær verði þekktur sem helsti bær list- og smíðnaðar á landinu.
- Ferðamál verði einn af lykilþáttum öflugs atvinnulífs í Mosfellsbæ.

Framtíðarsýn í ferðamálum Mosfellsbæjar er:

- Ferðabjónusta í Mosfellsbæ byggji á samspili fjölbreytts heilsu- umhverfis, sögu, menningar, lista og afþreyingar.
- Ferðabjónusta skapi fjölda heilsársstarfa í bæjarfélaginu með komu jafnt innlendra sem erlendra ferðamanna til bæjarins.

2. Helstu niðurstöður

Atvinnumál

Hlutverk bæjaryfirvalda er að standa fyrir aðgerðum til almennrar uppbyggingar í atvinnu- og ferðamálum í bænum, þ.e. að skapa umgjörð fyrir blómlegt athafnalíf. Eitt af lykilatriðum þess að gera Mosfellsbæ að aðlaðandi íbúabyggð er að tryggja íbúum þess sem flest störf innan bæjarmarkanna enda hafa skoðanakannanir sýnt að það er vilji íbúanna.

Atvinnumálastefna Mosfellsbæjar þarf að vera þannig úr garði gerð að hún laði að sér fyrirtæki. Þannig verði Mosfellsbær skilgreindur sem „Mekka“ ákveðinna atvinnugreina sem getið er um í skýrslunni.

Ferðamál

Það er almenn skoðun að bærinn eigi vannýtta möguleika í ferðamálum, hann hafi margt að bjóða ferðamönnum bæði af náttúrulegum og sögulegum gæðum. Auk þess bjóði nálægðin við höfuðborgarsvæðið, ásamt því að bærinn liggur í útjaðri svæðisins og því í nálægð við óspillta náttúru, upp á mikla möguleika. Aðgerðir í ferðamálum geti auk þess bæði komið íbúum og ferðamönnum til góða.

Slagorð

Vinnuhópar fengu m.a. það verkefni að koma með hugmyndir um slagorð fyrir bæinn. Ýmsar hugmyndir komu upp, svo sem:

- „Heit sveit með sögu“
 - „Hreinn og tær“
 - „Grænt náttúruvænt bæjarfélag“
 - „Hiti, hollusta, hreyfing og heilbrigði“
 - „Íþrótt- og útivistarbærinn, sögulegur og sveitó“
- Verkefnisstjórn ákvað að velja slagorðið „**Mosfellsbær – heit**

sveit með sögu“ með skírskotun til jarðhita, orku og þeirrar sögu sem bæjarfélagið býr yfir.

Atvinnu- og ferðamálafulltrúi

Það er lykilatriði í uppbyggingu atvinnu- og ferðamála í bænum að sérstakur starfsmaður hafi umsjón með framkvæmd þeirra tillagna sem fram koma í þessari skýrslu (atvinnu- og ferðamála-fulltrúi). Lagt er til að hann verði í upphafi ráðinn til þriggja ára og starfi til að byrja með samkvæmt framkvæmdaráætlun verkefnisins sem fram kemur í kafla 9 og byggð er á grunni þessarar skýrslu. Eitt meginverkefni hans verði að ná góðu samstarfi við einkaaðila og félög í bænum til að ná fram stefnumiðum bæjarins í málaflökkunum.

Skipulagsmál

Annað lykilatriði í uppbyggingu atvinnu- og ferðamála í bænum eru skipulagsmál, einkum skipulag miðbæjarins. Miðbærinn, eins og hann er samkvæmt miðbæjarskipulaginu, er talinn of dreifður og mætti vera meira aðlaðandi. Nauðsynlegt er að gera verulegt átak til að bæta ímynd miðbæjarins. Tengja þarf miðbæinn við Álafossvosina. Einnig þarf að ganga frá skipulagi íþróttasvæðisins við Varmá.

Brýnt er að setja sem fyrst upp nýjar merkingar um þjónustu í bænum vegna flutnings Vesturlandsvegarsins.

Hlutverk Atvinnuþróunarsjóðs og ATMOS

Atvinnuþróunarsjóður bæjarins getur gengt veigamiklu hlutverki í uppbyggingu atvinnu- og ferðamála bæjarins. Sjóðurinn getur haft frumkvæði að því að hvetja og styrkja einkaaðila til ráðast í aðgerðir til uppbyggingar atvinnu- og ferðamála í bænum í samræmi við stefnumótun bæjarins í þessum málaflökkum.

Atvinnuþróunarfélag Mosfellsbæjar (ATMOS) getur einnig gengt stóru hlutverki í samstarfi fyrirtækja bæjarins til framþróunar.

2.1 Forgangsverkefni í atvinnu- og ferðamálum

- Búið verði til slagorð fyrir Mosfellsbæ sem nýtt verði við alla markaðssetningu bæjarins. Slagorð Mosfellsbæjar verði „Mosfellsbær – heit sveit með sögu“. Þannig verði haldið fram bæði sögulegri þýðingu bæjarins og tengingu við heit náttúruöfl innan bæjarfélagsins. Auk þess er slagorðið dæmigert fyrir þá áherslu að Mosfellsbær sé líflæg og náttúruleg sveit í nánd við höfuðborgina.
- Mosfellsbær sem útvörður höfuðborgarsvæðisins gagnvart Norður- og Vesturlandi bjóði upp á öfluga upplýsinga- og þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn.
- Allar merkingar innan bæjarfélagsins verði endurskoðaðar, samræmdar og bættar stórlega. Þetta á jafnt við um vegmerkingar (auglýsingar verslana), merkingar á sögulegum minjum, örnefnum, gönguleiðum, reið- og hjólstígum o.s.frv. Verkefnið verði samstarfsverkefni Mosfellsbæjar, fyrirtækja og frjálsra félagasamtaka.

- Gefinn verði reglulega út upplýsingabæklingur og kort um Mosfellsbæ, sem fjalli um sögu Mosfellsbæjar, aðstöðu fyrir ferðamenn, útivistarmöguleika, þjónustu o.s.frv. Bæklingurinn verði gefinn út af fyrirtækjum og félagasamtökum.
- Heimasíða Mosfellsbæjar verði reglulega uppfærð og notuð sem tæki til að koma Mosfellsbæ á framfæri. Heimasíðan verði á íslensku og á erlendum tungumálum með tengingum við alla hugsanlega hagsmunaaðila bæjarins.
- Huglæg vegalengd milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur verði stytt með sértækum aðgerðum s.s. tvöföldun Vesturlandsveg- ar og auglýsingaskiltum og hafinn verði undirbúningur að uppbyggingu byggðar innan bæjarmarkanna við mörk Reykjavíkur og Mosfellsbæjar.

- Unnið verði að heildstæðu miðbæjarskipulagi með tengingu miðbæjarins við Álafossvos og kynningu á lóðarframboði fyrir atvinnustarfsemi.
- Bæjarstjórn beini því til stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs að auglýsa sérstaka styrki og lán til einkaaðila til að hrinda í framkvæmd tillögum stefnumótunarinnar.
- Bæjaryfirvöld veiti árlega hvatningarverðlaun í atvinnu- og ferðamálum.

Til að fyllgja eftir stefnu Mosfellsbæjar í atvinnu- og ferðamálum þarf atvinnu- og ferðamálafulltrúa í Mosfellsbæ.

3. Af hverju stefnumótun?

Í nútímasamfélagi er nauðsynlegt að fyrirtæki marki sér stefnu í öllum þeim málaflokkum sem fyrirtækið vinnur að. Þetta á einnig við um aðila eins og ríki og sveitarfélög. Mosfellsbær er þar engin undantekning. Á undanförmum árum hafa sveitarfélögin keppt við að laða til sín íbúa, atvinnustarfsemi hvers konar, ferðamenn o.s.frv. Í því sambandi er reynt að benda á þá kosti sem sveitarfélögin hafa upp á að bjóða á öllum sviðum. Fram til þessa hefur Mosfellsbær ekki tekið þátt í slíku „kapphlaupi“ en ljóst er að bæjarfélagið hefur upp á mjög margt að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn sem íbúa og fyrirtæki. Jafnframt er nauðsynlegt fyrir bæjaryfirvöld að hafa áhrif á það hvernig bæjarfélagið þróast og varða þá leið sem fara á til að tryggja að áfangastaðurinn verði sá sem óskað var eftir.

Leiðin að slíku marki er stefnumótun bæjarfélagsins í atvinnu- og ferðamála, stefnu sem hugsuð er til framtíðar og er unnin í sátt við íbúana. Hún þarf að vera óháð bæjarpólitík þannig að allir séu sammála um hvert skuli stefna og að menn missi ekki sjónar á leiðinni sem vörðuð er þó að breytingar verði á stjórn bæjarfélagsins við lok einhvers kjörtímabils.

Verkefnið „Stefnumótun í atvinnu- og ferðamála Mosfellsbæjar“ var unnið með stuðningi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og var full samstaða um það innan bæjarstjórnarinnar.

3.1 Aðdragandi verkefnisins

Á árinu 1997 hófst samstarf atvinnu- og ferðamálanefndar Mosfellsbæjar og þriggja nemenda í Tækniskóla Íslands um að nemendurnir tækju að sér að vinna undirbúningsverk vegna stefnumótunar í atvinnu- og ferðamála bæjarfélagsins. Um var að ræða lokaverkefni nemendanna á iðnrekstrarsviði Tækniskólans. Verkefni nemendanna skiptist í fjórar áfangaskýrslur og

eina lokaskýrslu sem kynnt var bæjarstjórn og atvinnu- og ferðamálanefnd á sérstökum fundi í Hlégarði. Það var samdóma álit þeirra sem fundinn sóttu að vinna nemendanna væri mjög gott innlegg inn í verkefnið að móta bæjarfélaginu heildstæða stefnu í atvinnu- og ferðamála.

Í framhaldi af þessu var tekin sú ákvörðun að fá utanaðkomandi ráðgjafa til að leiða sjálft meginverkefnið fyrir hönd Mosfellsbæjar. Fenginn var ráðgjafi frá Iðntæknistofnun, Sævar Kristinsson rekstrarráðgjafi, og var hlutverk hans að stjórna vinnsluferlinu, veita leiðsögn, setja saman niðurstöður og kynna þær fyrir þátttakendum verkefnisins og bæjaryfirvöldum. Auk hans kom Kristinn J. Albertsson, ráðgjafi hjá Iðntæknistofnun, að vinnu einstakra vinnuhópa. Af hálfu Mosfellsbæjar var skipuð verkefnisstjórn en verkefnisstjóri af hálfu bæjarins var skipaður Björgvin Njáll Ingólfsson, formaður atvinnu- og ferðamálanefndar, sem jafnframt var tilnefndur fulltrúi nefndarinnar í verkefnisstjórn.

3.2 Aðferðir við stefnumótun

Stefnumótun snýst um að gera rétta hluti á réttan hátt. Hún felur í sér að hafa mótaða sýn um hvert skuli haldið. Ef hún er til staðar er hægt að setja sér markmið og ákveða hvernig eigi að ná þeim. Til þess að árangur verði af slíkum fyrirætlunum þarf að vanda til framkvæmdar og allrar starfrækslu. Þess vegna er þátttaka hagsmuna- og áhrifavalda ekki síður mikilvæg en þeirra sem eiga að framkvæma stefnuna á einn eða annan hátt.

Við stefnumótunarvinnu Mosfellsbæjar var beitt hefðbundnum faglegum aðferðum stefnumótunar. Í vinnuhópum var byrjað á stöðuggreiningu, síðan farið í SVÓT-greiningu, þ.e. greiningu á innri styrk og veikleikum, og jafnframt skoðaðar ytri ógnanir og tækifæri í starfsumhverfi fyrirtækja í bænum. Lögð var áhersla á að halda sterkum þáttum, bæta úr þar sem veikleika var að finna, forðast ógnanir og nýta tækifæri. Að þessu loknu var mótuð framtíðarsýn fyrir hvern málaflokk og síðast en ekki síst var útbúin aðgerðaáætlun, byggð á metnaðarfullum markmiðum.

Að fengnum skýrslum einstakra vinnuhópa var það hlutverk verkefnisstjórnar að samræma stefnu, markmið, leiðir og aðgerðir einstakra vinnuhópa þannig að hægt væri að setja fram samræmda stefnumótun. Lögð var áhersla á hugarflug, nýsköpun og framtíðarsýn við tillögugerðina.

Ekki voru greidd atkvæði meðal verkefnisstjórnar um einstakar tillögur, heldur leitaðist hún við að samræma og samhæfa tillögur vinnuhópa í stefnu sem allir gætu verið sáttir við.

4. Þátttakendur og framkvæmd

Í verkefnisstjórnina voru skipaðir í upphafi:

Andrés Ólafsson, garðyrkjubóndi á Laugabóli,
Bjarni Ásgeir Jónsson, forstjóri Holtakjúklings,
Björgvin Njáll Ingólfsson, forstöðumaður á Iðntæknistofnun,
Guðjón Kristinsson, framkvæmdastjóri Ístex,
Halldór Bjarnason, forstjóri Safaríferða,
Jóhann Sigurjónsson, bæjarstjóri,
Ólafur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Gistiheimilisins Svölu,
Pétur Einarsson, verslunarmaður í Verksmiðjusölu Álafoss.

Á síðari stigum tóku einnig þátt í starfi verkefnisstjórnarinnar:

Örn Kjærnested, framkvæmdastjóri Áltáróss,
Björn Ástmundsson, forstjóri Reykjalundar.

Verkefnisstjórn hélt tíu fundi. Hún fór jafnframt í skoðunarferð um bæinn undir leiðsögn Bjarka Bjarnasonar í upphafi verkefnisins til að kynna sér dæmi um áhugaverða staði og sögu sveitarfélagsins.

Að tillögu ráðgjafa verkefnisstjórnar voru stofnaðir vinnuhópar til að fjalla um ákveðna málaflokka, annars vegar á sviði atvinnumála og hins vegar á sviði ferðamála. Þeir aðilar sem fengnir voru í hópvinnu voru valdir sökum þekkingar sinnar og reynslu. Leitast var við að hafa einn fulltrúa úr verkefnisstjórn í hverjum vinnuhóp.

Vinnuhóparnir héldu fimm fundi hver. Fyrsti fundurinn var sameiginlegur fundur verkefnisstjórnar með fulltrúum í öllum vinnuhópunum til að kynna verkefnið og þá aðferðafræði sem byggð er á. Vinnuhóparnir beittu SVÓT-greiningu undir leiðsögn ráðgjafa. Staðan var metin með því að fara yfir þá þætti bæjarfélagið hefur upp á að bjóða á sviði viðkomandi vinnuhóps og hvaða þætti vantar. Síðan var leitast við að greina innri styrk og

veikleika og svo á hinn bóginn sóknarfæri og hvaða ytri ógnun- um megi búast við og eigi að bregðast við. Hugað var að fram- tíðarsýn og markmiðssetningu og á grunni þessa settar fram ákveðnar tillögur.

Í atvinnumálum voru skipaðir þrír vinnuhópar sem hér segir:

Hópur 1: Verslun og þjónusta.

Hópur 2: Lista- og smíðnaður.

Hópur 3: Stærri iðnaðar- og þjónustufyrirtæki, þ.m.t. opinber þjónusta.

Í ferðamálum voru skipaðir fimm vinnuhópar sem hér segir:

Hópur 1: Verslun, þjónusta og gisting.

Hópur 2: Menning, saga og listir.

Hópur 3: Íþróttir og afþreying.

Hópur 4: Útivist og náttúra.

Hópur 5: Fyrirtæki, stofnanir og samgöngur.

Upplýsingar um þátttakendur í vinnuhópum er að finna í viðauka.

5. Stöðugreining

Þekking á núverandi stöðu er forsenda þess að hægt sé að ákveða að hverju skuli keppa í þeim margvíslegu málaflokkum sem stefnumótunarvinnan tekur til. Einnig er rétt að gera sér grein fyrir því að ferðamál og atvinnumál skarast verulega, þar sem vöxtur í ferðapjónustu í Mosfellsbæ kallar á beina fjölgun atvinnutækifæra í bænum. Töluleg greining er auðveldasta leiðin til að mæla árangur þess sem gert verður.

5.1 Ferðamál – stöðugreining

Verslun, þjónusta og gisting

Fjöldi erlendra ferðamanna sem kom til Íslands árið 1997 var um 201.000 og árið 1998 voru þeir 232.000.¹ Áætlanir gera ráð fyrir að fjöldi þeirra verði kominn í 340.000 árið 2003. Tekjur af erlendum ferðamönnum árið 1997 voru 22,3 milljarðar kr. á landinu í heild. Áætlun fyrir árið 1998 hljóðar upp á 26,3 milljarða króna. Tekjur af erlendum ferðamönnum eru skv. því áætlaðar a.m.k. 37 milljarðar árið 2003 og er engin ástæða til annars fyrir fyrirtæki í Mosfellsbæ en að ætla sér hluta af þeirri köku.

Fjöldi innlendra ferðamanna árið 1997 er talinn hafa verið 190.000 og tekjur af þeim eru taldar samsvara rúmlega 7 milljörðum kr. á landinu öllu. Reiknað er með 6% aukningu á ári í ferðalögum og tekjusköpun af innlendum ferðamönnum. Árið 1997 voru á landinu öllu talin vera 4.970 ársverk í ferðapjónustu og áætlun fyrir 1998 gerði ráð fyrir 5.295 ársverkum.²

Meðal helstu ferðamannastaða í Mosfellsbæ má nefna Verk-

1 Tölur um ferðamenn eru fengnar frá Hagstofu Íslands og Ferðamálaráði.

2 Skv. upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun.

smíðjusölu Álafoss, Reykjalund, hestaleiguna í Laxnesi, Dal-skarð, Mosfellskirkju, Lágafellskirkju, íþróttamannvirki, hitaveit-una („borholu 13“), Tröllafoss og fl.

Í bænum eru starfræktar tvær krár með vínveitingaleyfi og tvö kaffihús sem eru sömuleiðis með vínveitingaleyfi. Fjórir skynði-bitastaðir eru í bænum. Í Hlégarði er veisluþjónusta. Matvöru-verðanir eru þrjár, bakarí er tvö og ein fiskbúð er í bænum.

Verslunum og þjónustufyrirtækjum hefur fjölgað undanfarið eftir byggingu verslunarmiðstöðvarinnar í Kjarna. Einnig er tölu-verður fjöldi bifreiðaðþjónustufyrirtækja.

Sala á listiðnaði er á nokkrum stöðum, t.d. á Hulduhólum, leirsmiðjunni Ási og í Álafosskvos.

Ef litid er til þjónustufyrirtækja sem sérhæfa sig í þjónustu við ferðamenn þá eru þau ekki mörg. Helsta fyrirtækið í þeim geira er Verksmiðjusala Álafoss sem nýlega hefur opnað ferðamanna-verslun með ullarsafni í gömlu verksmiðjuhúsi í Álafosskvos. Einnig eru starfræktar hestaleigur í bænum. Að Reykjahvoli hefur verið rekið farúglahéimili með 20 gistirúmum.

Nú stærri íþróttamót voru haldin í bænum árið 1997, auk 17 golfmóta. Gestir í sundlaug Mosfellsbæjar árið 1997 voru alls 50.761, þar af 32.536 almennir gestir.

5.2 Atvinnumál – stöðugreining³

Í Mosfellsbæ eru starfrækt nokkur stærri fyrirtæki, til dæmis Flugfélagið Atlanta en um 90 starfsmenn starfa hjá því í Mosfellsbæ, Ístex er með 58 starfsmenn, Álfaráós með 75 starfsmenn, Sigurplast með 25 starfsmenn og Plastverksmiðja Reykjalundar með 54 starfsmenn.

Bærinn hefur fengið á sig orð fyrir kjúklingarækt þar sem frumkvöðlar í þeirri grein hófu rekstur í bænum. Þrjú fyrirtæki í kjúklingarækt eru starfsrækt í bænum með samanlagt um 50

3 Tölur um fjölda starfa í þessum kafla eru fengnar frá viðkomandi fyrirtækjum og stofnunum fyrir árið 1998.

starfsmenn.

Nokkrar garðyrkju- og gróðrarstöðvar eru í bænum, svo sem Dalsgarður, Blásteinar, Laugaból og Garðyrkjustöðin að Suður-Reykjum.

Helstu stofnanir sem starfræktar eru í bænum, fyrir utan stofnanir sem reknar eru á vegum Mosfellsbæjar, eru Reykjalundur með alls um 315 starfsmenn, Skálatún með 75 starfsmenn, Tjaldanes með um 25 starfsmenn og Heilsugæslustöð Mosfells-umdæmis með um 20 starfsmenn. Samkvæmt fyrirbyggjandi upp-lýsingum er Mosfellsbær stærsti atvinnurekandi bæjarins með alls um 350 starfsmenn, þ.m.t. starfsmenn grunnskóla, leikskóla o.s.frv.

Í tengslum við vinnslu verkefnisins var ekki mögulegt að afla áreiðanlegra tölulegra upplýsinga um fjölda fyrirtækja í bænum og fjölda starfa. Nauðsynlegt er að framkvæma reglulega söfnun þeirra til að geta haft samanagerðarhæfar niðurstöður um at-vinnulíf bæjarins.

6. Atvinnumál

6.1 Almenn um atvinnumál

Íbúar og atvinnumál

Grunnur að atvinnumálastefnu er sú staðreynd að atvinnurekstrur laðar að sér íbúa. Fjölgun íbúa í sveitarfélagi hefur bæði jákvæð og neikvæð áhrif á rekstur og umsýslu sveitarfélagsins. Jákvæðu áhrifin eru m.a. að gera má ráð fyrir að fjölgun íbúa skapi meiri tekjur fyrir sveitarfélagið, fleiri standa undir sameiginlegum rekstrarkostnaði þess sem gerir því kleift að veita aukna þjónustu. Slíkt er meginatriðið í samkeppni sveitarfélaganna um íbúa.

Fleiri íbúar skapa forsendur fyrir aukinni verslun og þjónustu á svæðinu, auka möguleika fyrirtækja til að stækka og eflast, sem aftur getur leitt til fjölgunar starfa í sveitarfélaginu. Þetta skapar svigrúm til aukinna samverustunda fyrir fjölskyldur vegna nálægðar vinnustaðar við heimili o.s.frv.

„Neikvæðu“ áhrifin fyrir sveitarfélagið, til skemmi tíma litið, eru þau að fjölgun íbúa kallar á frekari uppbyggingu á þeirri þjónustu sem sveitarfélaginu er skylt að veita, s.s. byggingu skólamannvirkja, leikskóla o.s.frv. og því aukinn tilkostnað.

Atvinnumálastefna

Atvinnumálastefna Mosfellsbæjar á að vera þannig úr garði gerð að hún laði að sér fyrirtæki og með henni sé áhersla lögð á fjölgun fyrirtækja í tengdum rekstri. Þannig verði Mosfellsbær skilgreindur sem „Mekka“ ákveðinna atvinnugreina. Það er því mikilvægt að íbúar Mosfellsbæjar taki þátt í því að móta stefnu um það hvaða atvinnugreinar eigi að leggja áherslu á að byggja upp m.t.t. umhverfis, tekjumöguleika, sem bestar nýtingar á landsvæði bæjarins og þeirrar þjónustu sem nú þegar er til staðar.

Hagsæld Mosfellsbæjar og íbúa hans á næstu árum ræðst að miklu leyti af því hvernig þeim tekst að skilja forsendur til árangurs og vinna samkvæmt þeim.

Öflug fyrirtæki í einni atvinnugrein geta leitt til uppbyggingar annarra fyrirtækja sem veita þjónustu fyrirnefndri atvinnugrein.

Samhæfðar aðgerðir

Skort hefur á samhæfðar aðgerðir af hálfu bæjaryfirvalda til að markaðssetja bæinn sem fýsilegan kost fyrir atvinnufyrirtæki. Ástæður þess eru m.a. að það hefur ekki verið skilgreint sem verkefni hjá neinum sérstökum starfsmanni bæjarins og ekki hefur verið til mótuð ákveðin stefna varðandi fyrirgreiðslu við atvinnufyrirtæki sem hyggjast setja upp starfsemi í bænum. Bæjarfélagið hefur hingað til ekki geta boðið upp á fullnægjandi þjónustu við fyrirtæki sem eru að leita fyrir sér með rekstur í bæjarfélaginu. Umgjörðina hefur vantað þegar fyrirtæki hafa snúið sér til bæjarins með fyrirspurn.

Hlutverk atvinnu- og ferðamálafulltrúa er að hafa umsjón með markaðssetningu og samskiptum við fyrirtæki sem hafa áhuga á að setja upp starfsemi í bæjarfélaginu. Atvinnu- og ferðamálanefnd fái það verkefni að gera almennar tillögur til bæjarstjórnar um fyrirgreiðslu við atvinnufyrirtæki sem áhuga hafa á koma upp starfsemi í bænum. Nefndin geri einnig tillögur að því hvaða markhópa leggja beri áherslu á við markaðssetningu atvinnulóða, t.d. hátækniyfirtæki, léttan iðnað, opinberar stofnanir o.s.frv.

Endurhæfingar- og heilsubær

Auka þarf samstarf Reykjalundar og bæjarins með það fyrir augum að markaðssetja bæinn sem alhliða endurhæfingar- og heilsu- bær. Í því sambandi verði kannaðir möguleikar á samvinnu við lífeyrissjóði, sjúkrasjóði verkalyðsfélaga og tryggingafélög um uppbyggingu endurhæfingarmiðstöðvar í bænum. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á samstarfi við íþróttamiðstöð og heilsugæslu.

Verslun og þjónusta

Sérstaða og sérhæfing eru lykilatriði til að veitingarekstur og rekstur sérverslana geti staðist samkeppni við verslanir og veitingahús á höfuðborgarsvæðinu. Í því sambandi má benda á að einstökum fyrirtækjum hefur tekist þetta, t.d. Blómahúsi Hlínar og Mosfellsbakaríi, sem með því að bjóða upp á sérstaka vöru og umgjörð hefur tekist að stækka viðskiptahóp sinn langt út fyrir mörk Mosfellsbæjar.

Sveitarímynd

Atvinnuþróunarsjóður hvetji til framléiðslu á vörum og þjónustu sem nýti og haldi fram sérstöðu Mosfellsbæjar. Jafnframt verði nýtt umhverfisvæn „sveitarímynd“ bæjarins og nálægð við höfuðborgarsvæðið til að í bænum verði rekinn opinn sveitabær („cityfarm“) með húsdýrum og með markaði fyrir framleiðsluvörur bæjarins, „sveitabúð“. Markhópar fyrir slíkan rekstur geta verið ferðamenn, fjölskyldur af höfuðborgarsvæðinu og skólanemendur.

Hugsanlegir samstarfsaðilar í slíku verkefni geta verið bændasamtökin, Búnaðarfélag Kjalarness, menntamála- og landbúnaðarráðuneyti og Þjóðminjasafnið.

Einnig má benda á ýmsar aðrar áhugaverðar hugmyndir sem komu upp í vinnuhópum, svo sem að staðið verði fyrir sérstökum garðyrkjudögum, umhverfisdögum og uppskerudögum til að vekja athygli á „mosfellskum“ vörum og auka verslun í bænum.

6.2 Helstu tillögur í atvinnumálum

1. Atvinnu- og ferðamálanefnd og væntanlegum atvinnu- og ferðamálafulltrúa verði falið að gera tillögur til bæjarstjórnar um almennar reglur um stuðning bæjarfélagsins við atvinnufyrirtæki sem hyggjast hefja starfsemi í bænum og markaðssetningu atvinnulóða með ákveðna markhópa í huga.
2. Bæjarstjóra ásamt atvinnu- og ferðamálanefnd verði falið að móta í samráði við forsvarsmenn Reykjalundar tillögur að nánara samstarfi bæjarins og Reykjalundar.

3. Einkaaðilar verði hvattir, m.a. með stuðningi Atvinnuþróunarsjóðs, til að skapa skemmtilega umgjörð fyrir „mosfellskar“ vörur, t.d. með rekstri „sveitarmarkaðar“ eða „sveitabúðar“ í tengslum við rekstur opins „sveitabæjar“.
4. Áhersla verði lögð á smáðnað og stuðning við frumkvöðla. Aðstaða verði sköpuð til eflingar hugbúnaðariðnaðar og eins verði sýningaraðstöðu komið upp í bænum til að efla listiðnað.

6.3 Stefna og tillögur um fyrstu aðgerðir mismunandi vinnuhópa í atvinnumálum

Hér á eftir fara tillögur einstakra vinnuhópa um stefnu, markmið og leiðir til árangurs. Ljóst er að forgangsraða verður tillögnum; þar sem ekki er hægt að hrinda þeim öllum í framkvæmd á sama tíma, sbr. kafli 8 um fyrstu aðgerðir.

6.3.1. Hópur 1 – Verslun og þjónusta – atvinnumál

Stefna:

Að Mosfellsbær hlúi að og laði til sín öflug verslunar- og þjónustufyrirtæki sem skapi störf fyrir íbúa sveitarfélagsins og verði þekktur fyrir það að standa við bakið á frumkvöðlum.

Markmið:

1. Að sérhæfðar verslanir leiti í Mosfellsbæ.
2. Söfn og íþróttaaðstaða verði notuð sem aðdráttarafl til að laða að aðra atvinnustarfsemi.
3. Að skipulag Mosfellsbæjar og umhverfi laði að atvinnurekstri og íbúa.
4. Að skapa Mosfellsbæ þá ímynd að bæjarfélagið sé fremst í því að standa við bakið á frumkvöðlum.

Leiðir:

Um 1: Mosfellsbær skapi þá umgjörð að miðbærinn, Álafosskvosin, sögustaðir og heita vatnið verði nýtanleg sem frumaðdráttarafl fyrir sérhæfðar verslanir.

Um 2: Mosfellsbær kanni möguleika á því að koma á fót flug-sögu safni í samvinnu við Atlanta og Flugklúbb Mosfellsbæjar. Héraðsbókasafnið móti tillögur að skálda- og sögu safni sem tengist sögu Mosfellsbæjar. Sund-aðstaða verði endurbætt til að heildstæð íþróttaðstaða vinni að aukinni verslun tengdri íþróttastarfi og laði að ferðamenn.

Um 3: Heildstætt miðbæjarskipulag verði unnið fyrir árlök 1999. Umhverfissvitund fyrirtækja og íbúa verði efld með mark-vissu umhverfisátaki á vegum Mosfellsbæjar og Mosa.

Um 4: Skoðaðir verði möguleikar á því að koma upp tækni-garði í Mosfellsbæ í samstarfi við fjárfestingaraðila og Nýsköpunarsjóð.

6.3.2 Hópur 2 – List- og smáíðnaður - atvinnumál

Stefna:

Að Mosfellsbær verði miðstöð list- og smáíðnaðar á Íslandi.

Markmið:

1. Að koma sérstöðu Mosfellsbæjar í list- og smáíðnaði á fram-færi og halda henni á lofti.
2. Að fjölbreyttar sýningar á sviði list- og smáíðnaðar verði haldnar allt árið um kring.
3. Að koma á fót iðngörðum í Mosfellsbæ til að hlúa að smá-iðnaði, verslun og þjónustu.
4. Að efla atvinnuþátttöku kvenna.

Leiðir:

Um 1: Bæjarfélagið og íbúar þess vinni að uppbyggingu mynd-ar á Mosfellsbæ sem list- og smáíðnaðarbæ. Gerð verði þjónustuskrá og stutt verði við kennslu í list- og hand-verksiðnaði með kynningu á þeim möguleikum sem fyrir liggja á upplýsingaskrifstofu Mosfellsbæjar. Þjóða ætti skólamannvirki til slíks námskeiðshalds.

Um 2: Sýningarstað/sölugalleríi í samvinnu bæjarfélagsins og listamanna verði komið á fót.

Um 3: Mosfellsbær skipuleggi svæði fyrir iðngarða og laði að starfsemi.

Um 4: Atvinnuþróunarsjóður veiti brautargengi námskeiðum fyrir konur um stofnun og rekstur fyrirtækja.

6.3.3 Hópur 3 – Stærri iðnaðar- og þjónustufyrirtæki, þ.m.t. opinberar stofnanir – atvinnumál

Stefna:

Að Mosfellsbær verði þekktur fyrir endurhæfingu, heilsuefingu og góða þjónustu.

Markmið:

1. Mosfellsbær verði „Mekka“ endurhæfingar á Íslandi.
2. Heilsuefing og heilsufæði verði ímynd Mosfellsbæjar.
3. Að Mosfellsbær og stofnanir hans verði þekktar fyrir skilvirka og skjóta þjónustu.
4. Að laða stofnanir og þjónustufyrirtæki til Mosfellsbæjar.
5. Að laða öflug og mannaflafrek fyrirtæki til Mosfellsbæjar.

Leiðir:

Um 1: Leitað verði eftir því að fá lífeyrissjóði, sjúkrasjóði verka-lýðsfélaga og tryggingafélög til að kosta uppbyggingu endurhæfingarmiðstöðvar í Mosfellsbæ. Reykjalundur og Atvinnuþróunarsjóður komi að skipulagi uppbyggingar. Atvinnuþróunarsjóður aðstoði og hvetji til fram-leiðslu á lífrænum vörum og verslunar- og veitinga-reksturs í tengslum við þær.

Um 2: Bæjarfélagið verði virkur þátttakandi í uppbyggingu á hreinlegum og aðlaðandi bæjarbrag í samvinnu við einstaklinga, fyrirtæki og samtök og hvetji til þess að heilsuveitingahúsi verði komið á.

- Um 3: Mosfellsbær skilgreini þjónustu sína gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum og setji sér metnaðarfull markmið. Þessi markmið verði kynnt öllum opinberlega.
- Um 4: Mosfellsbær og núverandi rekstraraðilar í sveitarfélaginu komi á framfæri þeim kostum sem fylgja veru þeirra í Mosfellsbæ.
- Um 5: Skipulag Mosfellsbæjar miði að því að skapa aðstöðu fyrir stærri iðnaðar- og þjónustufyrirtæki.

7. Ferðamál

7.1 Almennt um ferðamál

Nóbelsskáldið

Brýnt er að sem fyrst verði farið að huga að því hvernig minnst eigi Nóbelsskáldsins Halldórs Laxness í sveitarfélaginu þannig að nafn hans og Mosfellsbæjar verði nátengd í hugum fólks. Hundrað ára afmælis skáldsins mun verða minnst árið 2002 og fyrir þann tíma þarf að vera búið að gera ráðstafanir til að minnst skáldsins á veglegan hátt í bænum. Ljóst er að, ef vel er að staðið, þá munu slíkar aðgerðir geta dregið að sér fjölda ferðamanna til bæjarins.

Mosfellsdalur

Vinnuhópur hefur verið skipaður á vegum bæjarins, með aðild sóknarnefndar, til að gera tillögur að aðgerðum til að minna á sögufrægd Mosfells í Mosfellsdal. Lagt er til að annar vinnuhópur verði skipaður til að gera tillögur að því hvernig bæjarfélagið geti staðið að því að minnst Halldórs Laxness í sveitarfélaginu. Ljóst er að saga Halldórs er nátengd Mosfellsdalnum og Mosfelli og því er æskilegt að þessir tveir hópar hafi nán samráð. Stefnt skal að því að þessir hópar skili af sér tillögum fyrir árslok 1999.

Álafosskvos

Við framtíðaruppbyggingu ferðamála í sveitarfélaginu þarf að leggja áherslu á uppbyggingu Álafosskvosarinnar og jafnframt á gerð heildstæðs stígakerfis í sveitarfélaginu með tengingu við stígakerfi Reykjavíkur og stíga í gegnum Álafosskvosina.

Upplýsingamiðstöð

Í kvosinni eða í nálægð hennar verði jafnframt komið upp upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Ástæða er til að kanna hvort

gamlu skólahúsið að Brúarlandi gæti nýst til slíkra nota. Húsið er hið reisulegasta og á að baki merkilega sögu. Staðsetning þess er einnig ákjasanleg með tilliti til ferðamanna þar sem það er miðja vega milli miðbæjarins og Álafosskvosarinnar og getur þannig tengt þessa tvo þjónustukjarna saman.

Hugsanlegt er að reka listamiðstöð með safni í tengslum við slíka miðstöð með þátttöku listamanna í bænum.

Útivistarsvæði

Í tengslum við stígagerð þarf að huga að skipulögðum áningarstöðum með tilheyrandi aðstöðu, svo sem borðum og bekkjum. Í þessu sambandi komu upp áhugaverðar tillögur um fegurð umhverfisins upp með Varmá, sbr. hugmynd um að þar verði „villtur garður“, svo og hugmynd um skipulagt fjölskyldusvæði t.d. í kringum nýgerða tjörn við Álafossvog þar sem komið væri upp leiktækjum og aðstöðu til að grilla og borða. Í þessu sambandi er rétt að benda á að æskilegt er að bæjaryfirvöld geri áætlun um þau svæði sem þau telja heppilegt að tryggja sér eignarhald á, til almennra útivistarnota fyrir bæjarbúa og ferðamenn.

Söfn og söguminjar

Átak þarf einnig að gera til að skrá sögu bæjarins og sögulegar minjar, örnefni og náttúruvætti og hlutast til um friðlýsingu þar sem þess er þörf. Menningarmálanefnd og veitu- og umhverfisnefnd fái það verkefni. Slík skráning er undirstaða gerðar kynningarefnis fyrir bæinn og skipulagningar skoðunarferða um bæinn.

Einu söfnin í sveitarfélaginu eru bókasafnið og ullaðriðnaðar- og sögusafn sem Ístex og Verksmiðjusalá Álafoss standa fyrir. Koma þarf upp byggðasafni með tengingu við Laxnes, flugsögu, stríðsminjar, hitaveitu, plastiðnað o.fl. Safnið þarf jafnframt að tengja við sögu bæjarins og bókmenntaarfleið (Egil, Halldór, Ólafíu) og leggja þarf rækt við minningu látinna (Guðmund frá Miðdal, Sverri Haraldsson) og lifandi listamenn bæjarins. Í þessu

sambandi er rétt að benda á að bænum hafa verið ánaðnadir ýmsir gamlir munir sem engin aðstaða er fyrir, eins og sakir standa.

Íþróttaaðstaða

Gera þarf átak til að markaðssetja íþróttasvæði bæjarins. Lagt er til að kannaðir verði möguleika á að nýta íþróttamannvirki betur en nú er gert fyrir íþróttamót og auk þess fyrir ráðstefnur og listastarfssemi, t.d. kórámót. Atvinnu- og ferðamálafulltrúi hafi umsjón með því í samstarfi við íþróttafulltrúa.

Umhverfismál

Að lokum er vert að vekja athygli á nauðsyn þess að sem fyrst verði ráðist í nauðsynlegar aðgerðir til að bæta umhverfismál í sveitarfélaginu, einkum fráveitumál og gróðurverndarmál, þ.á m. frágang malargryfja. Ef sveitarfélagið ætlar að standa undir nafni sem hreint og umhverfisvænt sveitarfélag þarf að gera átak í þessum efnum. Lagt er til að veitu- og umhverfisnefnd geri áætlun um úrbætur í þessum málum (umhverfisstefnu). Jafnframt standi bæjaryfirvöld fyrir vakningu meðal bæjarbúa og fyrirtækja til að gera þau meðvitaðri og ábyrgari gagnvart umhverfismálum í sveitarfélaginu. Mosfellsbær hefur ákveðið að vinna samkvæmt **Staðardagskrá 21** sem gengur út á að tengja aðgerðir í umhverfismálum við aðra starfsemi í bænum.

7.2 Önnur uppbyggingarmál í ferðamálum

Tjaldstæði - smáhýsi

Með hliðsjón af góðri legu sveitarfélagsins eru miklir möguleikar á uppbyggingu tjaldstæðis í bænum, e.t.v. með útleigu smáhýsa. Ljóst er að staðsetning núverandi tjaldstæðis er ekki aðlaðandi. Því er beint til skipulagsnefndar að tjaldstæðinu verði fundinn heppilegri staður og einkaaðilar verði hvattir til að taka að sér rekstur þess. Hugsanlegt er að reka slíkt tjaldstæði í tengslum við upplýsinga- og menningarmiðstöð í bænum.

Því er einnig varpað fram til skoðunar að smáhýsin verði

leigð út í tengslum við rekstur Reykjalundar til afnota fyrir sjúklinga sem eru í göngudeildarmeðferð og aðstandendur sjúklinga. Önnur verkefni sem ástæða er til að benda á eru gerð minjagripa fyrir bæinn, e.t.v. með samkeppni um slíkt og stuðningur við uppbyggingu á hestaaðstöðu í atvinnuskyni.

Gönguferðir

Atvinnu- og ferðamálafulltrúi sjái til þess að boðið verði upp á skipulagða „göngupakka“ um bæinn undir leiðsögn, e.t.v. með inniföldum veitingum í samráði við bakari, verslanir og veitingastaði í bænum. Dæmi um þetta er „sögurall“, svo sem á slóðir Halldórs Laxness og á slóðir Egils, söguferð upp með Varmá með ullariðnaðar-, hitaveitu- og Reykjalundarívafi, stríðsminjagerð, fellaferðir, fossaferðir og fuglaskoðunarferðir. Markhópar eru ferðamenn, íbúar á höfuðborgarsvæðinu og skólanemendur. Virkja þarf Sögufélagið og Mosa til samstarfs um þetta og hvetja til samvinnu þeirra á milli.

Aðdráttarafir fyrir ferðamenn

Atvinnu- og ferðamálafulltrúi, í samstarfi við hagsmunaaðila, skipuleggi hóperðir ferðamanna til bæjarins með því að markaðssetja hugmyndir um söguferðir, bjóða upp á ráðstefnuaðstöðu, íþróttaðstöðu, skipulagðar söngdagskrár með kórum í bænum, dagskrá hjá leikfélaginu, t.d. upp úr verkum Laxness, sögukvöld og nemendaferðir. Ástæða er til að skoða möguleika á samvinnu við Upplýsingamiðstöð ferðamála í Reykjavík um slíkar ferðir.

7.3 Helstu tillögur í ferðamálum

1. Skipaður verði vinnuhópur til að gera tillögur að því hvernig halda megj minningu Halldórs Laxness á lofti í bænum. Hópurinn hafi samráð við vinnuhóp sem skipaður hefur verið til að gera tillögur um hvernig minnast megj sögufræðgar Mosfells. Atvinnu- og ferðamálafulltrúi verði starfsmaður vinnuhópanna. Vinnuhópurinn skili frá sér tillögum fyrir árslok 1999.

2. Unnið verði að því að gera umhverfi Álafoskvosar aðlaðandi fyrir bæjarbúa og ferðamenn í samræmi við deiliskipulag. Framkvæmdir verði hafnar á næsta ári. Tækni- og umhverfisvið hafi umsjón með framkvæmdum undir eftirliti framkvæmdanefndar.
3. Menningarmálanefnd og veitu- og umhverfisnefnd hlutist til um að láta skrá upplýsingar um sögulegar minjar, örnefni og náttúruvætti á einn stað.
4. Unnið verði að gerð heildstæðrar áætlunar um gerð göngu-, hjóltreida- og reiðstíga í sveitarfélaginu með tilheyrandi aðstöðu. Samhliða því verði unnin áætlun um merkingar stíga með upplýsingum um sögu, örnefni, náttúru o.s.frv. Skipulagsnefnd vinni að áætlunargerð í samstarfi við atvinnu- og ferðamálanefnd sem fái það verkefni að fá áhugafélög innan bæjarins í lið með bænum vegna merkinga.
5. Útbúnir verði upplýsingabæklingar um gönguleiðir í bænum og gerð göngukorta. Áætlanir um gerð þeirra verði unnar árið 1999 og þeim hrint í framkvæmd í áföngum.
6. Menningarmálanefnd geri tillögu að stofnun byggðasafns í bænum.
7. Atvinnu- og ferðamálafulltrúi vinni í samráði við íþróttafulltrúa að markaðssetningu íþrótta- og skólamannvirkja bæjarins t.d. til ráðstefnuhalds, sýninga, funda o.s.frv., auk íþróttaviðburða.
8. Veitu- og umhverfisnefnd vinni að gerð heildstæðrar áætlunar um endurbætur á umhverfismálum í sveitarfélaginu, einkum með tilliti til fráveitumála og gróðurverndar. Áætlinin liggi fyrir eigi síðar en í lok árs 1999. Haft verði samráð við félagasamtök, s.s. skógræktarfélagið og fl.
9. Skipulagsnefnd vinni að flutningi tjaldstæðis og verkefninu verði lokið fyrir sumarið 2000. Einkaaðilar verði hvattir til að taka að sér rekstur tjaldstæðisins.

10. Atvinnu- og ferðamálafulltrúi í samstarfi við hagsmunaaðila sjái til þess að boðið verði upp á skipulagðar gönguferðir innan bæjarins og hópferðir til bæjarins.

7.4 Stefna og tillögur um fyrstu aðgerðir mismunandi vinnuhópa í ferðamálum

Hér á eftir fara tillögur einstakra vinnuhópa um stefnu, markmið og leiðir til árangurs. Ljóst er að forgangsraða verður tillögnum, þar sem ekki er hægt að hrinda þeim öllum í framkvæmd á sama tíma, sbr. kafla 8 um fyrstu aðgerðir.

7.4.1 Hópur 1 – Verslun, þjónusta og gisting – ferðamál

Stefna:

Að gera Mosfellsbæ að spennandi heilsubæ sem býður upp á sérstæða verslunarmöguleika, fjölbreytta gístiaðstöðu með áherslu á fagurt og hreint umhverfi.

Markmið:

1. Mótuð verði stefna í umhverfismálum Mosfellsbæjar.
2. Að Mosfellsbær verði þekktur fyrir sérstöðu sína í heilsuefingu og hollu mataræði.
3. Að bæta gístiaðstöðu og fjölga gistimöguleikum í Mosfellsbæ.
4. Að laða fram sérstöðu Mosfellsbæjar í verslunarmöguleikum – Verslun í „heitri sveit“.

Leiðir:

Um 1: Veitu- og umhverfisnefnd Mosfellsbæjar verði falið í samráði við hagsmunaaðila í Mosfellsbæ að móta stefnu bæjarins í umhverfismálum fyrir árslok 1999.

Um 2: Bæjaryfirvöld hvetji til samstarfs Reykjalundar, Heilsugæslunnar og annarra aðila á sviði íþróttar og endurhæfingar til að skilgreina og draga fram sérstöðu Mosfellsbæjar á því sviði.

ATMOS beiti sér fyrir samstarfi garðyrkjubænda, kjúklingabænda og annarra matvælaframleiðenda og veitingamanna til að standa fyrir fjölbreyttu framboði heilsufæðis á veitingastöðum í Mosfellsbæ og skapa með því sérstöðu.

Um 3: Ný aðstaða verði fundin fyrir tjaldstæði bæjarins og það gert aðlaðandi fyrir ferðamenn. Tryggð verði nálgæð við þjónustu, íþróttar- og útivistarmöguleika. Opnunarími sundlaugar verði aðlagður þörfum íbúa og ferðamanna og aðstaða í sundlaug stórlega bætt.

Bæjaryfirvöld skipuleggi sérstakt svæði í tengslum við tjaldstæðið þar sem gert verði ráð fyrir smáhýsum til útleigu (verkefnið framkvæmt af áhugasömum rekstraradila).

Atvinnu- og ferðamálafulltrúi kanni þörf fyrir aukið gisti-rymi í bæjarfélaginu.

Um 4: ATMOS beiti sér fyrir því að verslun í Mosfellsbæ verði tengd sögunni og sérstöðunni, t.d. Halldóri Laxness, Agli Skallagrímssyni, Hitaveitunni o.s.frv. Hvatt verði til framleiðslu minjagripa sem tengjast sögu og sérstöðu Mosfellsbæjar m.a. með hönnunarsamkeppni.

Bæjaryfirvöld sjái til þess að gangandi og akandi umferð að verslunum og þjónustufyrirtækjum verði tryggð, leiðir milli þeirra verði aðgengilegar og allt umhverfi beri keim af náttúruvænni umhverfisstefnu bæjarins.

7.4.2 Hópur 2 - Saga, menning og listir - ferðamál

Stefna:

Að gera Mosfellsbæ þekktan fyrir nútímalistsköpun í sögulegu umhverfi.

Markmið:

1. Bæjaryfirvöld beiti sér fyrir friðlýsingu náttúru- og fornminja fyrir árslok 1999.

2. Bæjaryfirvöld, í samstarfi við stofnanir bæjarins og félaga-samtök, komi á fót lista- og menningarmiðstöð Mosfellsbæjar fyrir árið 2000.
3. Bæjaryfirvöld komi á fót sögusafni til minningar um Halldór Laxness.
4. Að efla kynningu á sögu- og minjum í Mosfellsbæ.

Leiðir:

Um 1: Menningarmálanefnd og veitu- og umhverfisnefnd verði falið að koma með tillögur að friðlýsingu í Mosfellsbæ, sbr. hitaveituminjar, stríðsminjar, ullarminjar o.s.frv. Bæjaryfirvöld sjái um endanlega samþykkt tillagnanna.

Um 2: Húsnæðið að Brúarlandi verði m.a. nýtt undir þessa starfsemi. Menningarmálanefnd haldi nöfnum listamanna bæjarins á lofti m.a. með sýningum á torginu í Kjarna, tilnefningu á listamanni mánaðarins, umfjöllun um hann á heimasíðunni, lista og söguralli o.s.frv.

Um 3: Bæjaryfirvöld, í samráði við fjölskyldu Halldórs Laxness, móti tillögur að staðsetningu sögusafns og framkvæmd þess til minningar um hann.

Um 4: Gefið verði út gönguleiðakort með merkingum, örnefnum, sögu og fl.

7.4.3 Hópur 3 – Íþróttir og afþreying – ferðamál

Stefna:

Að Mosfellsbær verði þekktur sem íþrótta- og útivistarþær með fjölbreytta afþreyingarmöguleika og framúrskarandi aðstöðu.

Markmið:

1. Að öll íþróttaaðstaða, umhverfi og mannvirki verði fullgerð og frágengin fyrir árið 2002.
2. Að nýta íþróttamannvirki til að laða að stærri íþróttamót og sýningar.

3. Að úrbætur veðri gerðar á göngu-, hjóla- og reiðleiðum.
4. Að Mosfellsbær verði þekktasti söngbær á Íslandi.
5. Að stuðla að frekari uppbyggingu sem leitt getur til atvinnu-sköpunar innan íþróttahreyfingarinnar.

Leiðir:

Um 1: Bæjarstjórn flýti endurbótum á sundlauginni. Golfvöllur verði stækkaður. Ráðist verði í frágang á umhverfi íþróttamannvirkja og tryggð samtenging þeirra allra við Varmárvæðið (hestamennska, skátar, „golfarar“ o.s.frv.). Komið verði upp útivistaraðstöðu við Hafravatn í samstarfi Mosfellsbæjar, Reykjalundar og samstarfsvettvangs íþróttafélaganna.

Um 2: Íþrótta- og tómstundafulltrúi taki frumkvæði að því að koma á samstarfsvettvangi íþróttafélaga í bænum sem skipuleggi uppákomur og beri ábyrgð á markaðssetningu og notkun mannvirkjanna. Þessi hópur standi fyrir gerð kynningarefnis til markaðssetningar á aðstöðunni. Tryggja þarf fjölbreyttari gistingu- og hléreiðastígar hins á mótí stærri hópum (heimagisting, smáhýsi, bætt tjaldstöði).

Um 3: Til að Mosfellsbær verði þekktur sem framúrskarandi þær fyrir göngu-, hjóla- og reiðleiðir þarf að tryggja tengingu brautanna innan Mosfellsbæjar við sambærileg kerfi í aðliggjandi sveitarfélögum. Koma þarf upp greinar-góðum merkingum, lýsingu og bekkjum til hvíldar og tækjum til æfinga. Tryggja þarf að skilgreindar reiðleiðir annars vegar og göngu- og hjólréiðastígar hins vegar skarist ekki. Verkefni þetta verði samstarfsverkefni bæjaryfirvalda (tæknideildar bæjarins) og samstarfsvettvangs íþróttafélaganna.

Um 4: Árlega verði staðið fyrir fjölda íslenskra og/eða alþjóðlegra kóramóta. Verkefnið verði samstarfsverkefni Mosfellsbæjar og starfandi kóra.

Um 5: Að markmiðum 1–3 uppfylltum má gera ráð fyrir því að

fleiri heilsársörf geti skapast innan íþróttafélaga og annarra félagasamtaka með auknum umsvifum.

7.4.4 Hópur 4 – Útivist og náttúra - ferðamál

Stefna:

Að Mosfellsbær verði hreinn náttúrubær með fjölbreyttum útivistarmöguleikum frá fjöru til fjalls.

Markmið:

1. Að frárennismál Mosfellsbæjar verði eins og best verður á kosið.
2. Að fjölga fjölskylduvænum útivistarsvæðum.
3. Að stórbæta „græna“ mynd Mosfellsbæjar.
4. Að bæta og auka aðgengi að útivistarmöguleikum.

Leiðir:

Um 1: Tæknideild Mosfellsbæjar verði falið að ganga frá frárennismálum í bæjarfélaginu og taka upp virkt eftirlit með lögnum og umgengni. Þetta er forsenda þess að hægt sé að tala um Mosfellsbæ um leið og talað er um útivist og umhverfi. Fjaran og leirurnar í Mosfellsbæ verði hreinsaðar og þeim haldið snyrtilegum.

Um 2: Mosfellsbær tryggji sér aðgang (eignarhald) að landinu frá Álafosskvos til Reykjalundar (beggja vegna ár) með það í huga að koma upp „villtum“ útivistargarði. Álafosskvos verði gerð aðlaðandi í samræmi við fyrirliggjandi hugmyndir og hugað að fleiri grænum útivistarsvæðum.

Um 3: Í samstarfi Mosfellsbæjar, félagasamtaka, áhugamannaamtaka (t.d. Skógræktarfélagsins og Mosa) og landeigenda verði uppgræðsla og skógrækt stórukin.

Um 4: Gefið verði út útivistarkort með gönguleiðum, vegalengdum, örnefnum og fleira í þeim dúr.

7.4.5 Hópur 5 – Fyrirtæki, stofnanir og samgöngur – ferðamál

Stefna:

Mosfellsbær verði álitlegasti áningarstaður ferðamannsins og paradís þeirra sem vilja safna orku og njóta endurhæfingar á heimsælíkvarða.

Markmið:

1. Að Mosfellsbær verði þekktur sem orku- og endurhæfingar-miðstöð.
2. Að Mosfellsbær verði þekktur sem fyrsti áningarstaður ferðamannsins.
3. Að Mosfellsbær verði þekktur ráðstefnubær.

Leiðir:

Um 1: Samstarfi verði komið á milli Reykjalundar, íþróttamiðstöðvarinnar og annarra hagsmunaaðila til að byggja upp og taka upp orkumælingar og endurhæfingu meðal íþróttamanna og annarra sem þess þurfa.

Um 2: Reykjalundur í samstarfi við Mosfellsbæ komi á fót „Legoland“ í Mosfellsbæ. Hafnratn verði nýtt til veiði og leigu á bátum. Hitaveita Reykjavíkur og Mosfellsbær nýti þá möguleika sem felast í „borholu 13“ sem afþreyingu og aðdráttarfli fyrir hinn almenna ferðamann. Mosfellsbær hafi frumkvæði af því að kallaður verði saman hópur fræðimanna sem skipuleggi sögu-skoðunarferðir um Mosfellsbæ. Samstarf listamanna í Álafosskvos verði aukið og opnunartími aðlagður ferðabjónustu. Skapaður verði vettvangur þeirra sem vilja koma framleiðslu sinni á framfæri (grænmeti, kjúklingar, ullarvörur o.s.frv.).

Um 3: Hlégarður og íþrótt- og skólamannvirki bæjarins verði nýtt til ráðstefnuhalds og áhugaverð afþreying tengd markaðsetningu (golf, ganga, hestar, flug o.s.frv.). Grunnforsenda þessa er að til staðar séu „betri“

8. Framkvæmdaáætlun fyrstu aðgerða

Eftirfarandi er tillaga að aðgerðaráætlun til næstu 10-12 mánaða. Áætlunina þarf að endurskoða og endurmeta með reglulegu millibili m.t.t. framvindu og árangurs.

Ljóst er að fjölmargir aðilar í bænum þurfa að koma að framkvæmd verksins þótt einungis séu tilgreindir þeir aðilar sem bera ábyrgð á að hrinda því úr vör.

Markmið	Leiðir	Ábyrgð
A Ráðinn verði atvinnu- og ferðamálafulltrúi Mosfellsbæjar (AFM)		Bæjarstjórn/atvinnu- og ferðamálanefnd
B Kynnt verði nýtt slagorð fyrir Mosfellsbæ - HEIT SVEIT MED SÖGU -		
B.1 Kynnt fyrir öllum hagsmunaaðilum bæjarfélagsins, fjölmiðlum og fl.		Bæjarstjórn/atvinnu- og ferðamálanefnd
C Allar merkingar verði endurskoðaðar og bættar		
C.1 Vegmerkingar (auglýsingar á fyrirtækjum og þjónustu í Mosfellsbæ)		AFM og ATMOS
C.2 Merkingar á sögulegum minjum, örnefnum og fl.		AFM, sögufélag og MOSI
C.3 Merkingar á göngu-, reið- og hjólastígum		AFM, íþróttar- og félagasamtök
D Upplýsinga- og kynningarefni um Mosfellsbæ		
D.1 Upplýsingabæklingar um fyrirtæki og þjónustu í Mosfellsbæ (þjónustuskrá)		AFM, ATMOS, íþróttar- og félagasamtök
D.2 Útivistarkort með gönguleiðum, reiðleiðum, örnefnum og fl.		AFM
D.3 Regluleg uppfærsla heimasíðu og viðhald/tenging við hagsmunaaðila í Mosfellsbæ		AFM
D.4 Heimasíðan verði þýdd á erlend tungumál		AFM
D.5 Skráning upplýsinga um sögulegar minjar, örnefni og náttúruvætti		Menningarmálan./veitu- og umhverfisnefnd

E Huglæg vegalengd milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur verði stytta

- E.1 Unnið verði að tvöföldun Vesturlandsvegur Bæjarstjórn /bæjarstjórn
- E.2 Undirbúningur að uppbyggingu byggðar Bæjarstjórn/AFM/ skipulagsnefnd
- E.3 Upplýsingaskilti um þjónustufyrirtæki AFM/skipulagsnefnd, í Mosfellsbæ við Vesturlandsveg byggingarnefnd

F Ráðstefnur, sýningarhald, umgjörð

- F.1 Skilgreining á möguleikum til ráðstefnu- og sýningarhalds (t.d. íþróttahús og Hlégarður) AFM/íþróttar- og tómst.-nefnd
- F.2 Könnun á möguleikum þess að koma upp sýningarstöðu fyrir t.d. listiðnað og söfn (flug og saga) AFM/atvinnu- og ferðamn.

G Skipulagsmál og veitu- og umhverfismál

- G.1 Heildstætt miðbæjarskipulag með tengingu við Álafoskvos Skipulagsnefnd
- G.2 Skipulagt svæði fyrir iðngarða – smáíðnaður, hugbúnaðariðnaður Skipulags- og atvinnu- og ferðamálanefnd
- G.3 Skipulagt nýtt svæði fyrir tjaldsvæði og smáhýsi til útleigu Skipulags- og atvinnu- og ferðamálanefnd
- G.4 Mótun á stefnu Mosfellsbæjar í umhverfismálum Veitu- og umhverfis-.
- G.5 Tillögur um friðlýsingu í Mosfellsbæ, hitaveitu, ullarminjar, sögu- og menningarmálanefnd
- G.6 Frágangur frænnislismála fyrir Mosfellsbæ Tæknideild

H Önnur forgangsattriði

- H.1 Styrkir og lánveitingar til einkaaðila til að fylgja eftir einstökum liðum stefnumótunar, t.d. „sveitarmarkaður/sveitabúðir“ Atvinnuþróunarsjóður
- H.2 Hvatinngaverðlaun í atvinnu- og ferðamálaum Atvinnu- og ferðamálanefnd
- H.3 Reglur um stuðning við atvinnufyrirtæki sem vilja flytja til Mosfellsbæjar Atvinnu- og ferðamálanefnd og AFM
- H.3 Skipaður verði vinnuhópur vegna Halldórs Laxness sbr. Mosfell AFM/Bæjarstjórn

9. Endurskoðun og eftirfylgni

Verkefnisstjórn leggur til að strax verði hafist handa við framkvæmd þeirra liða sem stefnumótunarverkefnið tekur til.

Endurskoðun á stefnumótuninni verði gerð árlega í janúar ár hvert, í fyrsta sinn árið 2001. Þannig verði hægt að fylgjast með og uppfæra stefnumótunina miðað við nýjustu breytingar í þjóðfélaginu og innan bæjarfélagsins, ásamt því að veita ákveðið aðhald við framkvæmd hennar. Lagt er til að „spurningavagn“ verði lagður fyrir íbúa og hagsmunaaðila bæjarins árlega, til að kanna viðhorf og árangur af þeirri vinnu sem hefur verið unnin.

Atvinnu- og ferðamálanefnd ber ábyrgð á að endurskoðun fari fram. Jafnframt þarf að tryggja að hlutverk og verkefni nefndarinnar séu í samræmi við stefnu Mosfellsbæjar í málaflokkunum.

10. Lokaorð

Á árinu 1998 var hafist handa við að undirbúa stefnu Mosfellsbæjar í atvinnu- og ferðamálum. Að vinnslu verkefnisins komu fjölmargir einstaklingar úr bæjarfélaginu og lögðu þeir á sig mikla vinnu við að taka þátt í því að móta framtíðarsýn og stefnu Mosfellsbæjar í málaflokkunum. Það er skoðun undirritaðs að þátttakendurnir endurspegli íbúasamsetningu bæjarins og með því sé tryggt að sú framtíðarsýn sem kynnt er í skýrslunni höfði til sem flestra íbúa Mosfellsbæjar og annarra sem áhuga hafa á því að setjast hér að eða ferðast hér um.

Ljóst er að atvinnu- og ferðamál eru nátengdir málaflokkar og því erfitt að aðgreina þá hvern frá öðrum. Við vinnslu verkefnisins reyndist oft erfitt að skilja á milli og takmarka umræðurnar í vinnuhópunum við þá afmörkuðu þætti sem vinnuhópunum var ætlað að fjalla um. Þær tillögur sem hér eru settar fram og samræmdar hafa verið af verkefnisstjórn eiga að endurspeglja þær umræður sem fram fóru í vinnuhópunum. Í vinnu sem þessari er erfiðast að takmarka vinnuna, það er af mörgu að taka og ótrúlega margt hægt að gera. Stefnumótun er hins vegar þess eðlis að hún er til stöðugar endurskoðunar og því mikilvægt að tryggja þá endurskoðun sem lögð er til í skýrslunni og vera stöðugt vakandi fyrir mögulegum úrbótum.

Við markmiðssetningu er nauðsynlegt að setja sér mælanleg markmið þar sem það er mögulegt. Ekki reyndist unnt við vinnslu verkefnisins að vinna nákvæmlega þá tölulegu greiningu sem æskileg var til markmiðssetningar og því þarf að leggja á það áherslu að atvinnu- og ferðamálafulltrúi Mosfellsbæjar afli tölulegra upplýsinga og bæti inn mælanlegum markmiðum þar sem það á við.

Fyrir hönd verkefnisstjórnar þakkar undirritaður öllum þeim sem komu að vinnslu verkefnisins og lögðu á sig óeigingjarna vinnu, til þess að verkefnið gæti orðið að veruleika. Mosfells-

bær hefur nú sett sér ákveðna stefnu í atvinnu- og ferðamálum og nú þurfum við öll að taka þátt í því að láta hana verða að veruleika.

Björgvin Njáll Ingólfsson
formaður atvinnu- og ferðamálanefndar

Viðaukar:

Þátttakendur í vinnuhópum um atvinnumál

Hópur 1: Verslun og þjónusta

Ágúst Óskarsson, heildsali
Grímur Laxdal, framkvæmdastjóri
Hafliði Ragnarsson, bakarameisteri
Júlíus Jónsson, kaupmaður
Sigurbjörn Árnason, bifvélavirki
Kristjana Arinbjarnardóttir, ritari
Guðmundur Hafsteinsson, skrifstofustjóri

Hópur 2: List- og smíðnaður

Aðalsteinn Sigurgeirsson, húsgagnasmiður
Hreinn Pálsson, framkvæmdastjóri
Ólöf Oddgeirsdóttir, myndlistarkona
Þóra Sigurbórsdóttir, leirlistarkona

Hópur 3: Stærri iðnaðar- og þjónustufyrirtæki

Guðjón Kristinsson, framkvæmdastjóri
Páll Ásmundsson, fjármálastjóri
Jón Benediktsson, framkvæmdastjóri
Jón Magnús Jónsson, bústjóri
Rögnvaldur Pálmarson, sölu- og markaðsstjóri
Örn Kjærnested, framkvæmdastjóri

Þátttakendur í vinnuhópum um ferðamál

Hópur 1: Verslun, þjónusta og gisting

Bryndís Kristjánsdóttir, Gistiheimilinu Reykjavoli
Jóhanna Harðardóttir, verslunarmaður
Karl Tómasson, tónlistar- og veitingamaður

Pétur Einarsson, verslunarmaður
Vignir Kristjánsson, veitingamaður
Viktor Þorkelsson, afgreiðslustjóri

Hópur 2: Menning, saga og listir

Ásgeir Eiríksson, forstöðumaður
Bjarki Bjarnason, kennari
Inga Elín Kristinsdóttir, leirlistarmaður
Halldór Gíslason, arkitekt
Magnús Guðmundsson, skjalafræðingur

Hópur 3: Íþróttir og afþreying

Einar Páll Kjærnested, sölustjóri
Erna Arnardóttir, jafnréttisfulltrúi
Haraldur Sverrisson, viðskiptafræðingur
Ingibjörg Bergros Jóhannesdóttir, formaður Aftureldingar
Sigurður Guðmundsson, íþróttafulltrúi
Sigurður Rúnar Ívarsson, tækniamaður

Hópur 4: Útivist og náttúra

Andrés Arnalds, náttúrufræðingur
Anna Gísladóttir, skrifstofumaður
Áslaug Traustadóttir, landslagsarkitekt
Garðar Jónsson, húsvörður
Knútur Óskarsson, framkvæmdastjóri
Oddgeir P. Árnason, garðyrkjustjóri

Hópur 5: Fyrirtæki, stofnanir og samgöngur

Birgitta Magnúsdóttir, gjaldkeri
Björn Ástmundsson, forstjóri
Jóhann Sigurjónsson, bæjarstjóri
Jónatan Þórisson, hópferðabílstjóri

Listi yfir stofnanir Mosfellsbæjar
og forstöðumenn þeirra í maí 1999

Bæjarstjóri:

Jóhann Sigurjónsson, Þverholti 2, 4. hæð, sími 525-6700, 525-6729
netfang: js@mosfellsbaer.is

Forstöðumenn sviða:

Forstöðumaður fjármála- og stjórnsýslusviðs:

Anna Guðrún Björnsdóttir bæjarritari,
Þverholti 2, 4. hæð, sími 525-6700, 525-6729
netfang: agb@mosfellsbaer.is

Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs:

Ásgeir Eiríksson, Þverholti 2, 3. hæð, sími 525-6700, 525-6759
netfang: ae@mosfellsbaer.is

Forstöðumaður tækni- og umhverfissviðs:

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur, Þverholti 2, 3. hæð, sími 525-6700,
525-6769, netfang: tj@mosfellsbaer.is

Forstöðumaður félagsmálasviðs:

Unnur V. Ingólfisdóttir félagsmálastjóri, Þverholti 2, 3. hæð,
sími 525-6700, 525-6739 netfang: uvi@mosfellsbaer.is

Forstöðumenn stofnana Mosfellsbæjar:

Atvinnu- og ferðamálafulltrúi:

Kristófer Ragnarsson, Þverholti 2, 4. hæð, sími 525-6700, 525-6729
netfang: ker@mosfellsbaer.is

Byggingafulltrúi:

Ásbjörn Þorvarðarson, Þverholti 2, 3. hæð, sími 525-6700, 525-6769
netfang: ab@mosfellsbaer.is

Forstöðumaður fasteigna:

Davíð B. Sigurðsson, Þverholti 2, 3. hæð, sími 525-6700, 525-6769
netfang: dbs@mosfellsbaer.is

Húsnæðisfulltrúi:

Ólafur H. Einarsson, þverholti 2, 3. hæð, sími 525-6700, 525-6739
netfang: oe@mosfellsbaer.is

Garðyrkjustjóri:

Oddgeir Þór Árnason, þverholti 2, 3. hæð, sími 525-6700, 525-6759
netfang: oth@mosfellsbaer.is

Yfirmaður fjölskyldudeildar:

Nanna Mjöll Atladóttir, þverholti 2, 3. hæð, sími 525-6700, 525-6739
netfang: nma@mosfellsbaer.is

Skólafulltrúi:

Sigríður Johnsen, þverholti 2, 3. hæð, sími 525-6700, 525-6759
netfang: sj@mosfellsbaer.is

Heilbrigðisfulltrúi:

Þorsteinn Narfason, þverholti 2, 5. hæð, sími 525-6700, 525-6799
netfang: thn@mosfellsbaer.is

Forstöðumaður íþróttamannvirkja:

Sigurður B. Guðmundsson íþróttafulltrúi, Íþróttamiðstöð við Skólalabraut
sími, 566-6254, 566-7494

Forstöðumaður Áhaldahúss:

Jón Friðjónsson, Áhaldahúsi við Völuteig, sími 566-8450

Dýraeftirlitsmaður:

Haukur Nielsson, Áhaldahúsi við Völuteig, sími 566-8450

Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Bóls og Vinnuskólans:

Edda Davíðsdóttir, Félagsmiðstöð við Skólalabraut, sími 566-6058
netfang: bolid@islandia.is

Forstöðumaður Héraðsbókasafns Kjörsarsýslu:

Marta H. Richter, þverholti 2, 2. hæð, sími 566-6822, 566-8114

Skólastjóri Gagnfræðaskóla:

Ragnheiður Ríkhildsdóttir, Gagnfrsk. við Skólalabraut, sími 566-6186, 566-8604

Skólastjóri Varmárskóla:

Birgir D. Sveinsson, Varmárskóla við Skólalabraut, sími 566-6154, 566-6159

Skólastjóri Tónlistarskóla:

Herdis Oddsdóttir, Brúarlandi við Gamla Vesturlandsveginn, sími 566-6319

Forstöðumaður dvalarheimilis aldraðra DAMOS:

Valgerður Magnúsdóttir, Dvalarh. Hlaðhömrum við Langatanga, sími 566-8060

Forstöðumaður félagsstarfs aldraðra:

Svanhildur Þorkelsdóttir, Dvalarh. Hlaðhömrum við Langatanga, sími 586-8014

Forstöðumaður leikskólans Hlaðhamra:

Lovísa Hallgrímsdóttir, Hlaðhömrum við Langatanga, sími 566-6351

Forstöðumaður leikskólans Hlíð:

Gunnhildur Sæmundsdóttir, Hlíð við Langatanga, sími 566-7375

Forstöðumaður leikskólans Reykjakots:

María Ölveig Ölfersdóttir, Reykjakoti, Krókabyggð 2, sími 566-8606

Forstöðumaður Skólasels:

Ása Jakobsdóttir, Skólaseli við Skólalabraut, sími 566-7524

Forstöðumaður gæsluvallar í Njarðarholti:

Helga Haraldsdóttir, Gæsluvelli við Njarðarholt, sími 566-6959

Trésmiðja:

Kristinn Magnússon, Áhaldahúsi við Völuteig, sími 566-8450

Hítaveita:

Herberg Kristjánsson, Áhaldahúsi við Völuteig, sími 566-8450

Hlégarður, félagsheimili:

Vignir Kristjánsson, Hlégarði
við gamla Vesturlandsveginn, sími 566-6195



Mosfellsbær

www.mosfellsbaer.is

